

23. fundur heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 29.4.2024

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Linda Hrönn Þórisdóttir formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Hæðir - deiliskipulag, forkynning endurskoðun

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Hæðir, Garðabæ. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. Mikilvægt er að sveitarfélagið fylgist með breytingu á hljóðvist vegna umferðar um Reykjanesbraut og gerðar séu hljóðvistarmælingar til að meta hvort þörf er á breytingum. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í gegnum deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíufna í rennusteina eða regnvatnslagnir.

Heilbrigðisnefnd tekur undir afgreiðslu heilbrigðiseftirlits.

2. Deiliskipulag Búðir, athafnasvæði í Garðabæ

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Búðir, athafnasvæði. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. okkuð hefur borið á kvörtunum vegna hávaða frá atvinnustarfsemi á svæðinu og því mikilvægt að ákvæðum hávaðareglugerðar sé fylgt og jafnvel sé þess getið í deiliskipulagi að fylgja skuli ákvæðum reglugerðar um hávaða nr.724//2008.Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir ákvæðum um skilti og að þau séu í samræmi við markmið aðalskipulags og að í sérstakri samþykkt bæjarstjórnar um skilti skulu m.a. vera ákvæði um gerð, stærðir og yfirbragð skilta og merkinga. Að mati heilbrigðiseftirlits er nauðsynlegt að gera ítarlegri grein fyrir skilyrðum varðandi stærð skilta, birtustigi þeirra og staðsetningu í deiliskipulaginu, enda liggur

SKK
JL
AM

athafnasvæðið nálægt næstu íbúðarbyggð og jafnframt meðfram stofnvegi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í nálægð við deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum og forráðamönnum fyrirtækja sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíuefna í rennusteina eða regnvatnslagnir. Þá séu ítrekuð skilyrði þess að í öllum tilfellum sé komið fyrir fullnægjandi mengunarvörnum s.s. olíu-, sand- og fituskiljum og leita skuli til heilbrigðiseftirlits varðandi það hvort viðkomandi búnaður sé í samræmi við ákvæði reglugerða og leiðbeininga. Þar sem um er að ræða blandaða byggð þar sem íbúðir eru heimilaðar á efri hæðum atvinnuhúsnæðis er mikilvægt að atvinnustarfsemin valdi ekki truflunum varðandi hljóðvist, titring og lykt. Skoða þarf hvort setja eigi í skilmála ákvæði byggingarreglugerðar um að reyklosun frá atvinnustarfsemi sé undantekningarlaust veit upp fyrir þakbrún til að tryggja að ekki verði truflun í viðkomandi húsum varðandi lykt og brunavarnir.

3. Deiliskipulag fyrir Bæjargil

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Bæjargil. Um er að ræða deiliskipulag fyrir þegar byggt þéttbýlissvæði.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að sveitarfélagið áskilur sé rétt til að setja upp frekari hljóðvarnir eða jarðvegsmanir en sýndir eru á uppdrætti ef þörf krefur. Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna hávaða frá atvinnustarfsemi í nærliggjandi hverfi og því mikilvægt að ákvæðum hávaðareglugerðar sé fylgt og jafnvel sé þess getið í deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ofanvatni af götum og sléttum flötum er beint að Arnarneslæk sem rennur í nálægð við deiliskipulagssvæðið og því áriðandi að íbúum sé kynnt mikilvægi þess að gæði vatns í Arnarneslæk verði ekki skert með óæskilegri útskolun t.d. olíuefna í rennusteina eða regnvatnslagnir.

4. Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts, íbúðabyggð á Þorlákstúni

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur óskað eftir umsögn heilbrigðisnefndar við eftirfarandi mál, breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna Þorlákstúns. Úr skógræktar- og landgræðslusvæði (SL4) í íbúðabyggð (stækkun ÍB7), nr. 0436/2024. Gert er ráð fyrir íbúðabyggð með u. þ. b. 50 íbúðum. Deiliskipulagstillagan miðar að því að framtíðarbyggð verði í sem bestu samræmi við umhverfið og aðliggjandi byggð.

Svæðið sem um ræðir er um 6 ha að stærð, grasi vaxið holt, en jafnframt eru nýjar fyllingar í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar. Að svæðinu liggur Reykjanesbraut til suðurs. Samkvæmt tillögunni verður nýja byggðin um 30 metra frá brautinni. Í greinargerð með tillögunni er bent á að það sé svipuð fjarlægð og sérbýlishúsin við Bæjargil og Súlunes í Garðabæ.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þéttingu byggðar samkvæmt skipulaginu en bendir á að Reykjanesbrautin stendur töluvert lægra en hin fyrirhugaða byggð en enga síður er byggðin skipulögð mjög nálægt brautinni. Því er mikilvægt að vel sé hugað að hljóðvörnum gagnvart hávaða frá Reykjanesbrautinni og komið sé í veg fyrir eða dregið eins og mögulegt er úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða á íbúa í fyrirhugaðri byggð.

5. Deiliskipulag landbúnaðarsvæðis í landi Dallands

Óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði í landi Dallands. Skipulagssvæðið er í suðurhluta Mosfellsbæjar, norðan við Selvatn og fyrir sunnan Nesjavallaveg. Skipulagssvæðið er um 10,5 ha að stærð og er um landspildu að ræða úr landi með eitt landnúmer (L123625). Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu. Heildarbyggingamagn innan landspildunnar skal ekki vera meira en 1.500 m².

SKH
LTH
HRO

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu.

6. Deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. janúar 2024 að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða gerð nýrra deiliskipulagsáætlana og breytingum áætlana sem þurfa að koma til vegna þessa verkefnis. Skipulags- og matslýsing var auglýst með athugasemdafresti til 29. febrúar sl. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 21. mars 2024 var samþykkt að tillaga, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga, verði auglýst. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 10. apríl var erindið samþykkt.

Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um áform Coda Terminal s.s. um stækkun hafnar í Straumsvík og eins í matsáætlun Coda Terminal. Mikilvægt er að þær framkvæmdir sem heimilaðar eru í skipulaginu sé með þeim hætti að ekki verði mengun á grunnvatni, þannig að fyrrgreind umhverfismarkmið náist, þannig að ástand vatnshlotsanna rýrni ekki, hvorki varanlega né tímabundið. Því er mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir og staða vatnshlotsins vöktuð, þannig að ef fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi hafa áhrif á þá magnstöðu eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins, að hægt sé að gera ráðstafanir til að ná þeim markmiðum, sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögð er áhersla á í deiliskipulagi að borteigar og mannvirki séu hönnuð á þann hátt að þeir falli vel að landslagi og umhverfi á hverjum stað. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að svarf eða annað setefni frá borframkvæmdunum skal fella úr fráfrennsli vatni áður en það er leitt í jörðu og þar sem unnið er með olíu eða önnur spilliefni á borplani skal vera olíuheldur dúkur með afrennsli í olíuskilju.

7. Stækkun hafnar í Straumsvík - matsáætlun til kynningar

Skipulagsstofnun hefur tekið til afgreiðslu matsáætlun fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar að loknum athugasemdartíma. Heilbrigðisnefnd skilaði inn umsögn dags. 16. febrúar 2024. Umsagnir bárust frá 7 öðrum umsagnaraðilum. Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar að stækkun hafnarsvæðisins í Straumsvík og gerð grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Lagt fram til kynningar.

8. Heilbrigðisfulltrúanámskeið

Umhverfisstofnun í samstarfi við Matvælastofnun hafa tilkynnt að að námskeið fyrir verðandi heilbrigðisfulltrúa verði haldið í apríl og maí n.k. Þrír starfsmenn frá HEF munu sækja námskeiðið.

Umhverfisstofnun og matvælastofnun hafa tilkynnt að næsta námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa hefjist fimmtudaginn 4. apríl. Námskeiðið er í tveimur hlutum, annar á vegum Umhverfisstofnunar en hinn hlutinn á vegum Matvælastofnunar. Þátttakendur fá 6 vikur til að ljúka hvorum áfanga. Námskeiðin eru kennd á Teams. HEF mun senda þrjá fulltrúa á námskeiðið.

Heilbrigðisnefnd fagnar fyrirhugaðri fræðslu og réttindanámskeiðum fyrir heilbrigðisfulltrúa á þessum óvissutímum þar sem fyrirætlanir eru uppi um að leggja niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og færa framkvæmd heilbrigðiseftirlits til ríkisstofnanna, þ.e. Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að ekki er gerð krafa um réttindi eða sérstaka menntun þeirra eftirlitsaðila sem starfa hjá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun með sama hætti og gert er til heilbrigðisfulltrúa.

9. Aukning í greiningu á Listeríu

Nýlega greindi sóttvarnarlæknir frá því að frá áramótum hafa komið upp 6 tilfelli með sýkingu af völdum *Listeria monocytogenes*. Erfitt er að rekja uppruna smits þar sem meðgöngutími listeríu er oftast langur, eða allt að þrjár vikur. Matvælastofnun hefur sent út fréttatilkynningu þar sem fram koma upplýsingar um þau matvæli sem *Listeria* getur fjölgað sér í sé hún til staðar. Jafnframt eru tilmæli til matvælafyrirtækja um aðgerðir til að minnka líkur á *Listeríusmiti* og ábendingar til neytenda um hvað þeir geta gert til að fyrirbyggja sjúkdóma af völdum *Listeríu*.

Í samráði við Matvælastofnun verður aukin áhersla í eftirliti með þeim áhættuþáttum sem hafa áhrif á hættu á *Listeríusmiti*.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna og hvetur matvælafyrirtæki að leggja sérstaka áherslu á góða starfshætti, s.s. að standa vel að þrifum á snertiflötum matvæla og að viðhaldi sé vel sinnt svo bakterían geti ekki búið um sig í framleiðslunni.

10. Stofnun stýrihóps um opinbert eftirlit

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og matvælaráðuneytið hafa ákveðið að skipa stýrihóp til þess að fylgja eftir tillögum starfshóps um opinbert eftirlit og undirbúa innleiðingu á nýju eftirlitskerfi. Stýrihópurinn verður skipaður einum fulltrúa frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, sem verður formaður stýrihópsins, einum fulltrúa frá matvælaráðuneytinu, einum fulltrúa frá innviðaráðuneytinu, einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa frá Samtökum heilbrigðiseftirlitasvæða á Íslandi og einum fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins sem og einum áheyrnarfulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins. Með starfshópnum mun starfa ráðgjafi sem og tveir starfsmenn frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og matvælaráðuneytinu.

Það vekur nokkra furðu að Samtök atvinnulífsins fá 2 fulltrúa í þennan stýrihóp en t.d. að félag heilbrigðisfulltrúa fá ekki fulltrúa í hópinn. Jafnframt vekur það athygli að ekki eru fulltrúar Umhverfisstofnunar eða Matvælastofnunar í stýrihópnum.

11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 27.03.2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykktar nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 10. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykktar nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 17. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykktar nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

[Handwritten signatures and initials]

14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 24. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

Undirskrift fundargerðar



Linda Hrönn Þórisdóttir formaður




Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

1a. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 27.3.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

- Urriðaholtsstræti 18, Garðabær - húðflúr
- Kaldárselsvegur, Hafnarfirði - Sumarbúðir
- Selhella 13, Hafnarfirði - lyfjaverslun
- Suðurhraun 4a, Hafnarfirði - dreifing matvælaumbúða
- Boðarþing 9, Kópavogi - hársnyrting
- Háholt 11, Mosfellsbæ - bón og bifreiðapvottur
- Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla
- Breiðumýri, Íþróttamiðstöð, Garðabær - tækifærisleyfi - umsögn

1. Urriðaholtsstræti 18, Garðabær - húðflúr

Lögð fram umsókn Brynjars Björnssonar f.h. Stutatu ehf., kt. 690124-0330, dags. 28.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu (ekki með götun) að Urriðaholtsstræti 18, Garðabær. Fasteignanr. F2501429. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.03.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.03.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 20.03.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Kaldárselsvegur, Hafnarfirði - Sumarbúðir

Lögð fram umsókn Jónu Þórdísar Eggertsdóttur f.h. Sumarbúðir KFUM og KFUK á Íslandi., kt. 480883-0209, dags. 17.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sumarbúðir í Kaldárseli, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076648. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3. Selhella 13, Hafnarfirði - lyfjaverslun

Lögð fram umsókn Guðnýjar Eyglóar Baldvinsdóttur f.h. Apótek Hafnarfjarðar ehf., kt. 650299-2646, dags. 21.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir apótek að Selhelli 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2359128. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.03.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4. Suðurhraun 4a, Hafnarfirði - dreifing matvælaumbúða

Lögð fram umsókn Eðvalds Valgarðssonar f.h. Samhentir Kassagerð hf., kt. 560196-2299, dags. 14.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi til sölu umbúða og hráefna til matvælaframleiðslu að Suðurhrauni 4a, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2072351. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis.

5. Boðarþing 9, Kópavogi - hársnyrting

Lögð fram umsókn Hafsteinu Gunnarsdóttur kt. 190867-4399 f.h. Hárgreiðslustofan Boðarþingi, dags. 18.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu í Félagsmiðstöð aldraðra að Boðarþingi 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.03.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

6. Háholt 11, Mosfellsbæ - bón og bifreiðarþvottur

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón- og bifreiðarþvott að Háholti 11, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2267758. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.03.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Guðrúnar Ingu Tómasdóttur kt. 261281-7169, f.h. Súkkulaðimúslí, dags. 19.03.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.03.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

8. Breiðumýri, íþróttamiðstöð, Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.03.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lionsklúbbs Álfтанess kt. 690385-0669 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 10.05.2024 frá kl. 08.00 – kl. 02.00 þann 11.05.2024 í tilefni landsþings Lions í íþróttamiðstöð Álfтанes. Áætlaður gestafjöldi 450 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

2. afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 10.4.2024

Fundartími: 08:30 – 09:30

Boðaðir:

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Helluhraun 2, Hafnarfirði - Trésmiðaverkstæði - skráning
2. Lónsbraut 6, Hafnarfirði - Fiskvinnsla - skráning
3. Dalvegur 24, Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskylt
4. Smiðjuvegur 2, Kópavogi - Blikksmiðja - Skráningarskyldur atv.
5. Garðatorg 1-4, Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
6. Klettahraun 9, Hafnarfirði - rekstrarleyfi - umsögn
7. Breiðuhvarf 4, Kópavogi - reksrarleyfi - umsögn
8. Þverholt 1, Mosfellsbær - rekstrarleyfi - umsögn

1. Helluhraun 2, Hafnarfirði - Trésmiðaverkstæði - skráning

L11975 Viðhald og Nýsmíði ehf - L11975

Lögð fram umsókn Brynjars Guðmundssonar f.h. Viðhald og nýsmíði ehf., kt. 431194-2879, dags. 21.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir trésmiðaverkstæði að Helluhrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075365. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.04.04.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Lónsbraut 6, Hafnarfirði - Fiskvinnsla - skráning

L11969 Sætoppur ehf. - L11969

Lögð fram umsókn Þórðar Tómassonar f.h. Sætoppur ehf., kt. 691106-0470, dags. 20.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Lónsbraut 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2259955. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.03.2024. Fyrirspurn til byggingafulltrúa dags. 27.03.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.04.04.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3. Dalvegur 24, Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskylt

L11979 Car-Med ehf - L11979

Lögð fram umsókn Wojciech Krasko f.h. CAR-MED ehf., kt. 700810-0620, dags. 08.04.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Dalvegi 24, Kópavogi. Fasteignanr. F2060571. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.03.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Smiðjuvegur 2, Kópavogi - Blikksmiðja - Skráningarskyldur atv.

Lögð fram umsókn Egils Daða Axelssonar f.h. Stjörnublikk ehf., kt. 701294-5999 dags. 08.04.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir blikksmiðju að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr. F2065203.

Eftirlitsskýrsla dags.10.04.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Garðatorg 1-4, Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.04.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt.570169-6109 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 03.05.2024 frá kl. 18.00 – kl. 22.00 í fyrir tónleika í tilefni Jazzþorpið í Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

6. Klettahraun 9, Hafnarfirði - rekstrarleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.03.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn 1Y ehf., kt.450923-0950, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II –C Minna gistiheimili að Klettahrauni 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077027.

Byggingafulltrúi veitir neikvæða umsögn þar sem rekstrarleyfi fyrir gististað samrýmist ekki Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

7. Breiðuhvarf 4, Kópavogi - rekstrarleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.02.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Galdrar ehf. kt.551222-0390, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II –C Minna gistiheimili að Breiðahvarfi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2066554.

Galdrar ehf. eru ekki með starfsleyfi fyrir gistiheimili.

Neikvæð umsögn, þar sem umsækjandi rekstrarleyfis er ekki með starfsleyfi.

8. Þverholt 1, Mosfellsbær - rekstrarleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.03.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn KG þjónustan ehf., kt.450711-1010 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir A veitingahús í fl. II að Þverholti 1, Mosfellsbæ, Fasteignanr. F2084981.

Rekstraraðili er ekki með starfsleyfi fyrir veitingahúsi í flokki II.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

3. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 17.4.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

- Hjallahraun 4, Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði, smurstöð
- Hæðarsmári 2, Kópavogi - dreifing matvæla
- Þverholt 1, Mosfellsbær - veitingastaður
- Dalshraun 20, Hafnarfirði bifreiða og vélaverkstæði - Skráning
- Garðatorg 3, Garðabæ - Hárgreiðslustofa - skráning
- Askalind 2a, Kópavogi - málsmíðaverkstæði - Skráning
- Hlégarður, Mosfellsbæ - tækifærisleyfi, umsögn
- Varmá (Þróttamiðstöð, Mosfellsbæ - tækifærisleyfi umsögn

1. Hjallahraun 4, Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði, smurstöð

Lögð fram umsókn Vorms Þórðarsonar f.h. Pitstop þjónustan ehf., kt. 660219-0480, dags. 03.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjólbarðaverkstæði og smurstöð að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075694, F2075698. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.4.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Hæðarsmári 2, Kópavogi - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Rögnu Guðmundsdóttur f.h. Pikkoló ehf., kt. 441220-0810 dags. 08.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla við Hæðasmára 2, Kópavogi. Smáhýsi á lóð. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.4.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Þverholt 1, Mosfellsbær - veitingastaður

Lögð fram umsókn Kára Guðmundssonar f.h. KG þjónustan ehf., kt. 450711-1010 dags. 15.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastaðinn - Bankinn Bistró að Þverholti 1, Mosfellsbæ. Eigendaskipti. Fasteignanr. F2084485/F2238297.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.4.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. Dalshraun 20, Hafnarfirði bifreiða og vélaverkstæði - Skráning

Lögð fram umsókn Valdimars Sigurjónssonar f.h. Dekkjasalan ehf., kt. 650406-2490, dags. 11.04.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Dalshrauni 20, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074357. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.4.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Garðatorg 3, Garðabæ - Hárgreiðslustofa - skráning

L11976 Cleó hár - L11976

Lögð fram umsókn Sonju Rutar Alexandersdóttur, f.h. Cleó hár ehf., kt. 470623-1440, dags. 24.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Garðatorgi 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2070117. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla 10.04.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráningin staðfest.

6. Askalind 2a, Kópavogi - málmsmíðaverkstæði - Skráning

Lögð fram umsókn Birgis Ólafssonar, f.h. Öryggismiðstöð Íslands., kt. 410995-3369 dags. 15.04.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir verkstæði með viðhald og endurhleðslu slökkvitækja að Askalind 2a, Kópavogi. Fasteignanr. F2257948. Breyting á húsnæði.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.04.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

7. Hlégarður, Mosfellsbæ - tækifærisleyfi, umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.04.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hlégarðs Samkomuhús, kt. 710723-0870 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 27.04.2024 frá kl. 22.00 – kl. 02.00 þann 28.04.2024 fyrir sveitaball. Áætlaður gestafjöldi er 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

8. Varmá íþróttamiðstöð, Mosfellsbæ - tækifærisleyfi umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.04.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Aftureldingar, kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 11.05.2024 frá kl. 19.00 – kl. 03.00 þann 12.05.2024 fyrir lokahóf Öldungamóts. Áætlaður gestafjöldi er 1000 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

4. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 24.4.2024

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkhartur F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir

Fundarstjóri:

Hörður Þorsteinsson

Ritari:

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

- Kauptún 6, Garðabæ - þjónustuverkstæði
- Dalvegur 6-8, Kópavogi - verkstæði fyrir þungavinnuvélar
- Dalsmári 7, Kópavogi - íþróttavöllur
- Langalína 8, Garðabæ - grunnskóli
- Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla
- Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla
- Nýbýlavegur 8, Kópavogi - snyrtistofa
- Álfaskeið 50, Hafnarfirði - Gististaður

1. Kauptún 6, Garðabæ - þjónustuverkstæði

Lögd fram umsókn Torfa Gunnarssonar f.h. TK bílar ehf., kt. 580406-0680, dags. 16.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir öll verkstæði fyrirtækisins að Kauptúni 6, Garðabæ. Fasteignanr. F227348, F205158. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Dalvegur 6-8, Kópavogi - verkstæði fyrir þungavinnuvélar

L11927 Kraftvélar ehf - L11927

Lögd fram umsókn Gylfa Þórs Rútssonar f.h. Kraftvélar ehf., kt. 631209-1730 dags. 02.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verkstæði fyrir þungavinnuvélar, að Dalvegi 6-8, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr. F2232969, F2301257, F2301258, F2301259, F2252405.

Minnisblað dags. 17.04.2024.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

3. Dalsmári 7, Kópavogi - íþróttavöllur

Lögd fram umsókn Ómars Stefánssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 15.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íþróttavöll Kópavogsbæjar að Dalsmára 7, Kópavogi. Fasteignanr. F2060546. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.04.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. Langalína 8, Garðabæ - grunnskóli

Lögð fram umsókn Hönnu H. Leifsdóttur f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 12.04.2024 þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir 5 ára deild Sjálandsskóla að Löngulínu 8, Garðabæ. Fasteignanr. F2273477.

Eftirlitsskýrsla.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfið endurútgefið til 15.08.2035.

5. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Völundar Snæs Völundarsonar f.h. The Basic Cookbook ehf., kt. 490911-2270, dags. 11.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.4.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

6. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Hermanns Hermannssonar f.h. BoxBox ehf., kt. 630419-0770, dags. 17.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.4.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

7. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - snyrtistofa

L11771 D&D Spa ehf. - L11771

Lögð fram umsókn Maríu Minh Tosdóttur f.h. D&D Spa ehf., kt. 490223-1340 dags. 09.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.09.2023. Samþykkt byggingafulltrúa dags. 18.04.2024.

Með vísun til hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

8. Álfaskeið 50, Hafnarfirði - Gististaður

L11920 STB ehf - L11920

Lögð fram umsókn Sigurðar Tómasar Björgvinssonar f.h. STB ehf., kt. 510216-0320, dags. 31.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Álfaskeiði 50, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2072806 Ný starfsemi.

Sent á byggingafulltrúa dags. 07.02.2024. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 07.02.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfisumsókn hafnað þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingafulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.